

Nd.

156. Frumvarp til laga

um héraðsskjalasöfn.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Sýslunefnd og bæjarstjórn er heimilt að koma á fót í sýslunni eða kaupstaðnum héraðsskjalasafni, er varðveiti á sem tryggilegastan hátt skjöl og handrit og aðrar ritaðar heimildir, sem snerta sérstaklega hlutaðeigandi sýslu- eða bæjarfélag og ekki ber að afhenda þjóðskjalasafninu, sbr. þá 3. gr., svo sem skjallag gögn félaga og stofnana, er styrks njóta af opinberu fé. Með reglugerð, sem sett verður samkv. 5. gr., má ákveða, að þessum aðilum sé skylt að láta slík skjöl af hendi við héraðsskjalasafn. Í héraðsskjalasafni skal einnig varðveita kirkju- og manntalsbækur þær úr hlutaðeigandi kirkjuóknum, sem ritaðar eru samkv. l. nr. 3 1945.

Heimilt er sýslunefndum og kaupstöðum að koma á fót sameiginlegu héraðsskjalasafni fyrir fleiri en eina sýslu eða kaupstað þar, sem það þykir betur henta og samkomulag næst um það, og er safnið þá sameign þessara aðila.

2. gr.

Þjóðskjalavörður hefur yfirumsjón með héraðsskjalasöfnum, sem sett eru á stofn samkv. lögum þessum, enda skal geymslustaður þeirra háður samþykki hans. Nú telur þjóðskjalavörður, að héraðsskjalasafni sé hætta búin sökum vanhvirðu eða af öðrum orsökum og ekki hefur fengið úr þessu bætt þrátt fyrir endurteknar áskoranir, og getur hann þá að fengnu samþykki menntamálaráðherra látið flytja safnið á þjóðskjalasafnið á kostnað þeirra aðila, er að safninu stóðu.

3. gr.

Nú hefur héraðsskjalasafni verið komið á fót samkv. 1. gr. og það fullnægir skilyrðum 2. gr. um húsnæði, enda telur þjóðskjalavörður að öðru leyti vel borgið stjórn safnsins og vörzlu skjalanna, og á þá safnstjórnin rétt á að fá til varðveislu á safninu eftirtalin skjalasöfn úr þeim sýslum og kaupstöðum, sem ákveðið er, að héraðsskjalasafnið nái til:

1. Skjalasöfn hreppstjóra.
2. — sýslunefnda og bæjarstjórna.
3. — hreppsnefnda.
4. — undirskattanefnda og yfirskattanefnda.
5. — sáttanefnda.

Enn fremur skjalasöfn þeirra annarra nefnda, sem annars er skylt að geyma á þjóðskjalasafninu, ef starfssvið þeirra nær ekki út fyrir þau sýslu- eða bæjarfélög, sem eru sameigendur héraðsskjalasafnsins á hverjum stað.

4. gr.

Héraðsskjalasöfn njóta árlegs styrks úr rikissjóði samkvæmt ákvæðum fjárlaga.

5. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari fyriræli um framkvæmd laga þessara, þar á meðal afhendingu skjala til héraðsskjalasafna, varðveislu þeirra og afnot, og má ákveða í reglugerð viðurlög fyrir brot á fyrirællum hennar, en slík brot skulu sæta meðferð opinberra mála.